

Til ritstjóra Fréttablaðsins

5. desember 2019

Í blaði ykkar og á vefsíðu eru í dag birtar myndir af borgarfulltrúum og starfsfólki borgarstjórnar að borða kvöldmat í mötuneyti ráðhússins í gærkvöldi. Þær eru allar teknar í gegnum glugga og bera það með sér að fólkið veit ekki af myndatökunni.

Kjörnir fulltrúar eru eðli málsins samkvæmt opinberar persónur og geta vissulega átt von á því að vera undir smásjá fjölmiðla í meira mæli en aðrir. Ég verð þó að gera athugasemdir við það þegar teknar eru myndir af borgarfulltrúum við athafnir daglegs lífs án þeirra vitneskju svo ekki sé minnst á almennt starfsfólk.

Með vinsemd og virðingu

Pawel Bartoszek
Forseti borgarstjórnar